

Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmót iðn – og verkgreina er haldið annað hvert ár. Þangað senda iðn - og verknámsskólar einn til tvo nemendur hver til að keppa í sinni iðngrein. Íslandsmótið er fjölbreytt og skemmtilegt og veitir nemendum tækifæri til að sýna færni sína og kunnáttu í iðn - og verkgreinum.



Rafbók www.rafbok.is

Rafbók er netbókasafn rafiðnaðarins og þar er námsefni rafiðnaðarnema aðgengilegt án endurgjalds.

Aðgangur að rafbók er öllum heimill en nauðsynlegt að skrá sig.

*Rafrænt
námsefni
www.rafbok.is*

www.straumlina.is


Skoðaðu vefinn okkar www.straumlina.is

Þar eru upplýsingar um nám í rafiðngreinum og störf þeim tengdum.



Viltu verða rafeindavirki?

Upplýsingar um nám í rafeindavirkjun





Störf rafeindavirkja eru fjölbreytt og mikil eftirspurn er eftir fólki.

Störf rafeindavirkja

Rafeindavirki starfar við uppsetningu og viðgerðir rafeindatækja, fjarskiptakerfa og tölvubúnaðar.

Hann vinnur á verkstæðum, í farartækjum í lofti á sjó og landi, í iðn- og orkufyrirtækjum. Hann hagnar, smíðar og forritar einfaldar rafeinda og stýrirásir.

Rafeindavirki hefur haldgóða tölvuþekkingu á vélbúnaði, hugbúnaði og netbúnaði. Hann þekkir til útsendinga og móttöku á fjarskiptamerkjum

RAFEINDAVIRKI
er lögverndað
starfsheiti.

Nám í rafeindavirkjun

Rafeindavirkjun er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár, sjö annir í skóla auk

24 vikna starfsþjálfun. Námið er 164 einingar, að meðtöldu grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun.

Grunnnám í rafiðnum er 80 einingar og sameiginlegt öllum rafiðngreinum.

Nemendur fást við fjölbreytt og flókin verkefni sem reyna mjög á sjálfstæði þeirra.

Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og inngöngu í meistaranám.

Námið er lánshæft hjá LÍN eftir fyrstu tvær annirnar.



Nám í rafeindavirkjun er fjölbreytt og skemmtilegt.

Skólar sem kenna rafeindavirkjun

Raftækniskóli Tækniskólans í Reykjavík www.tskoli.is

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti * www.fb.is

Iðnskólinn í Hafnarfirði * www.idnskolinn.is

Fjölbrautarskóli Vesturlands, Akranesi * www.fva.is

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra * www.fnv.is

Verkmenntaskólinn á Akureyri www.vma.is

Verkmenntaskóli Austurlands * www.va.is

Fjölbrautarskóli Suðurlands * www.fsu.is

Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Reykjanesbæ * www.fss.is

* kenna eingöngu grunnnám.

Stúdentspróf

Flestir skólar bjóða upp á viðbótarnám til stúdentsprófs.


Ef nemandi stefnir á háskólanám í rafmagnstæknifræði eða rafmagnsverkfræði þarf að bæta við rafiðnaðarnámið áföngum í stærðfræði og tungumálum.

Nám í rafiðngreinum er mjög góður undirbúningur fyrir slíkt nám.



Rafeindavirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

Þú ert ekki bara stúdent þegar þú ert rafeindavirki.



Nám í rafiðngreinum er góður valkostur til framtíðar